# Ársskýrsla Keilusambands Íslands

## 1995 - 1996

3. þing KLÍ
27. apríl 1996

# DAGSKRÁ 3. ÞINGS KLÍ

## Laugardaginn 27. apríl 1996 kl. 10:00

## Íþróttamiðstöðinni í Laugardal

1 Þingsetning.

2 Kosnir fastir starfsmenn þingsins

3 Kosnar fastanefndir:

- a) Kjörbréfanefnd.
- b) Fjárhagsnefnd.
- c) Laga- og leikreglnanefnd.
- d) Allsherjarnefnd.
- e) Kjörnefnd.

Nefndir þessar eru skipaðar 3 mönnum hver.

4 Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.

5 Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.

6 Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

7 Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær sem fram hafa komið.

8 Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar.

ÞINGHLÉ

9 Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.

10 Önnur mál.

11 Kosning stjórnar, varastjórnar, endurskoðenda og fulltrúa á íþróttaþing ÍSÍ.

12 Kosnir 3 menn í dómstól og 3 til vara.

13 Þingfundargerðir lesnar og staðfestar.

14 Þingslit.

# SKÝRSLA STJÓRNAR KEILUSAMBANDS ÍSLANDS - KLÍ

**Frá 1. maí 1995 – 27. apríl 1996**

3. ársþing KLÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 27. apríl 1996

---

## STJÓRN KEILUSAMBANDS ÍSLANDS

| | |
|---|---|
| *Formaður* | Haraldur Sigursteinsson |
| *Varaformaður* | Guðmundur J. Kristófersson |
| *Gjaldkeri* | Helga Sigurðardóttir |
| *Ritari* | Sigurjón Harðarson |
| *Fundaritari* | Ásgeir Þór Þórðarson |
| *Varamenn:* | Valgeir Guðbjartsson |
| | Jóna Alexandersdóttir |
| | Magnús Árnason |

---

## DÓMSTÓLL

| | |
|---|---|
| *Aðalmenn:* | Guðjón Ólafsson |
| | Friðrik Ólafsson |
| | Jónas Gunnarsson |
| *Varamenn:* | Helga Sigurðardóttir |
| | Ingimundur Helgason |
| | Þórður Tyrfingsson |

## ENDURSKOÐENDUR

Guðni Gústafsson
Pétur Helgason

---

## NEFNDIR OG STARFSHÓPAR

| | |
|---|---|
| **Aganefnd** | Gylfi Ástbjartsson *form.* |
| | Ásgeir Ásgeirsson |
| | Guðný Gunnarsdóttir |
| | Halldór R. Þorkelsson |
| | Magnús Árnason |
| **Laga- og leikreglnanefnd** | Haraldur Sigursteinsson *form.* |
| | Gunnar Gunnarsson |
| | Sigurjón Guðfinnsson |
| | Þórir Ingvarsson |
| **Landsliðsnefnd** | Þórir Haraldsson *form.* |
| | Halldór Sigurðsson |
| | Theódóra Ólafsdóttir |
| **Mótanefnd** | S. Unnur Vilhjálmsd. *form.* |
| | Bragi M. Bragason (hætti) |
| | Garðar Árnason |
| | Helgi Kristjánsson |
| | Ólafur Sólmundarson |
| **Nafnanefnd** | Sigurjón M. Egilsson *form.* |
| | Ingimundur Helgason |
| | Emil Hilmarsson |
| | Gunnar Gunnarsson |
| **Tækninefnd** | Sigurjón Harðarson *form.* |
| | Bjarni Sveinbjörnsson |
| | Jón Sv. Erlingsson |
| **Unglinganefnd** | Guðm. J. Kristófersson |
| | Bjarni Sigurðsson |
| | Hafsteinn Sigurvinsson |
| | Magnús Reynisson |
| **Upplýsinganefnd** | Ingimundur Helgason *form.* |
| | Emil Hilmarsson |
| ***Meðalskorritari*** | Ásgrímur Helgi Einarsson |

## INNGANGUR

Það verður ekki sagt að stjórnarstöfin hafi verið alveg hefðbundin á liðnu keppnistímabili. Fyrri hlutann gekk á ýmsu í málefnum keilusalanna og síðan einkendist veturinn að verulegu leyti af undirbúningsvinnu fyrir Norðurlandamótið þannig að minni tími var til annarra starfa. Stjórnin kom vikulega saman til fundar og oftar ef þörf var á. Nefndir störfuðu allar á árinu en þar sem víða annarsstaðar eigum við eftir móta störfin enn betur. Í upphafi tímabilsins tilnefndu félögin menn til nefndarstarfa og tókst það bærilega en þó fór svo að ekki tókst að fullskipa mótanefndina. Vetrarstarfið tókst þó án mikilla áfalla en við vitum öll um hluti sem við viljum gera betur jafnt í vinnu sem keppni. Það er jafnljóst nú og áður að það er alltaf þörf fyrir þá sem vilja vinna með öðrum og taka þátt í uppbyggingu íþróttarinnar með jákvæðu hugarfari.

## KEILA Á KEPPNISTÍMABILINU 1994 – 1995

Á þessu öðru keppnistímabili Keilusambands Íslands var keila iðkuð hjá átta félögum frá fjórum sveitarfélögum. Síðastliðið haust voru stofnaðar keiludeildir hjá fjórum rótgrónum íþróttafélögum, ÍR, Fylki, HK og Íþróttafélagi heyrnarlausra, ÍFH. Fyrir voru KFR og KR í Reykjavík, KGB í Garðabæ og KFS á Suðurnesjum. Þrátt fyrir lítillega fækkun skráðra keilara virðist starf hinna virku vera að eflast.

*Tafla 1, Keilufélög og deildir, fjöldi skv. kennsluskýrslum 1995*

| Félag | Sveitarfélag | Stofnað | Fjöldi félagsm. | Konur | | Karlar | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | < 16 ára | > 16 ára | < 16 ára | > 16 ára |
| | | | | | | | |
| Samtals | | | 522 | 19 | 117 | 53 | 333 |
| | | | | | | | |
| KFR | ÍBR | 10. sept. 1985 | 184 | 8 | 55 | 15 | 106 |
| KGB | UMSK | 25. maí 1989 | 56 | 1 | 2 | 2 | 51 |
| KFS | ÍS | 31. júlí 1989 | 129 | 10 | 31 | 17 | 71 |
| KR | ÍBR | 27. júní 1990 | 37 | - | 5 | 1 | 31 |
| HK | UMSK | 1994 | 7 | - | - | - | 7 |
| ÍR | ÍBR | 1994 | 61 | - | 10 | 18 | 33 |
| ÍHR | ÍBR | 1994 | 21 | - | 9 | - | 12 |
| Fylkir | ÍBR | 1994 | 8 | - | - | - | 8 |
| Keflavík | ÍBK | 1995 | 19 | - | 5 | - | 14 |

## KEILUSALIRNIR

Mótshald á vegum Keilusambands Íslands fór fram í þrem keilusölum í vetur:

- *Keiluhöllinni í Öskjuhlíð,* þar sem eru 18 brautir. Brunswick tölvuskor er virkt á 12 brautum.
- *Keila í Mjódd.* Þar eru tíu brautir með ítölsku tölvuskori.
- *Keilubæ í Keflavík,* sex brauta salur í eigu Keilufélags Suðurnesja.

## REGLULEGT MÓTSHALD KLÍ

Á vegum Keilusambandsins var keppt í eftirtöldum mótum:

- Íslandsmót í tvímenningi í maí
- Íslandsmót í tvímenningi deildarliða í ágúst
- Meistarakeppni KLÍ í september
- Íslandsmót 4ra manna liða í október – apríl
- Íslandsmót para í janúar
- Íslandsmót einstaklinga í febrúar og mars
- Bikarkeppni liða í október – apríl
- Íslandsmót unglingaliða í október – mars
- Íslandsmót unglinga í febrúar

Íslandsmót deildarliða er umfangmesta keppnin innan KLÍ og sendu félögin 52 lið til keppni.

*Tafla 2, deildarlið á keppnistímabilinu 1995 – 1996*

| Félög | 1. deild karla | 1. deild kvenna | 2. deild karla | 3. deild karla | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| KFR | 5 | 6 | 5 | 5 | 21 |
| KGB | - | - | 3 | 3 | 6 |
| KR | 2 | 1 | 1 | 1 | 5 |
| KFS | - | 3 | 1 | 3 | 7 |
| ÍHR | - | 1 | - | - | 1 |
| HK | - | - | - | 1 | 1 |
| ÍR | 2 | 1 | - | 4 | 7 |
| Fylkir | - | - | 1 | - | 1 |
| Keflavík | 1 | 1 | 1 | - | 3 |
| | | | | | |
| Samtals | 10 | 13 | 12 | 17 | 52 |

### *Úrslit í liðakeppninni var eftirfarandi:*

**1. deild karla:**

1. sæti Lærlingar KFR **Íslandsmeistarar liða**
2. sæti Stormsveitin KFR
3. sæti KR a

*Deildarmeistarar 1. deildar:* Lærlingar KFR
Úr fyrstu deild féllu ET-KFR (9. sæti) og Keiluböðlar-KFR (10. sæti).
Bæði ET og Keiluböðlar unnu sér aftur rétt í 1.deild í aukakeppni

**1. deild kvenna:**

1. sæti Flakkarar **Íslandsmeistarar liða**
2. sæti Afturgöngurnar
3. sæti Bomburnar

*Deildarmeistarar 1. deildar kvenna:* Afturgöngurnar KFR

| | | |
|---|---|---|
| **2. deild karla:** | 1. sæti Keilugarpar KFR | **Íslandsmeistarar 2. deildar** |
| | 2. sæti Úlfarnir KFR | |
| | 3. sæti Egilsliðið KGB | |

Úr annari deild féllu Olísliðið KGB (11. sæti) og KR c (12. sæti).

| | | |
|---|---|---|
| **3. deild karla:** | *A-riðill:* | *B-riðill:* |
| | Sveitamenn KFS | HK |
| | Spilabræður KFR | Toppsveitin KFR |

*Úrslitakeppnin:*

1. HK **Íslandsmeistarar 3. deildar**
2. Sveitamenn KFS
3. Toppsveitin

Spilabræður og Toppsveitin unnu sér þátttökurétt í 2. deild í aukakeppni.

## ÍSLANDSMÓT Í TVÍMENNINGI

1. sæti Ásgeir Þ. Þórðarson ÍR og Halldór R. Halldórsson ÍR – **Íslandsmeistarar í tvímenn. '95**
2. sæti Jón Helgi Bragason KFR og Valgeir Guðbjartsson KFR
3. sæti Sigurður Sverrisson KR og Halldór Halldórsson KR

## ÍSLANDSMÓT Í TVÍMENNINGI DEILDARLIÐA

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Karlar: | 1. sæti | Lærlingar | Konur: | Flakkarar |
| | 2. sæti | PLS | | Keilusystur 1 |
| | 3. sæti | JP-Kast 2 | | Keilusystur 2 |

## MEISTARAKEPPNI KLÍ

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Karlar: | 1. sæti | Þröstur KFR | Konur: | 1. sæti | Afturgöngurnar KFR |
| | 2. sæti | KR a | | 2. sæti | Flakkarar KFR |

## ÍSLANDSMÓT PARA

1. sæti Elín Óskarsdóttir KFR og Alois Raschhofer KFR – **Íslandsmeistarar para '96**
2. sæti Ágústa Þorsteinsdóttir KFR og Björn Birgisson KFR
3. sæti Halldóra Brynjarsdóttir KFR og Freyr Bragason KFR

## BIKARKEPPNI LIÐA KLÍ

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Karlar: | 1. sæti | Lærlingar KFR | Konur: | 1. sæti | Flakkarar KFR |
| | 2. sæti | KR a | | 2. sæti | Keilusystur KFS |

## ÍSLANDSMÓT UNGLINGALIÐA

| Eldri hópur | | Yngri hópur | |
|---|---|---|---|
| 1. sæti | KFR-a | 1. sæti | KFS |
| 2. sæti | KR-a | 2. sæti | KFR |
| 3. sæti | KFS-a | | |

## ÍSLANDSMÓT EINSTAKLINGA

Íslandsmóti einstaklinga í keilu lauk laugardaginn 9. mars. Keppt var í tveim flokkum kvenna og karla. Alls tóku 74 einstaklingar þátt í mótinu sem hófst 27. febrúar 1996, 51 í karlaflokki og 23 í kvennaflokki. Íslandsmeistarar í meistaraflokki unnu sér inn ferð til Englands og rétt til þátttöku í Evrópubikarmóti einstaklinga sem fram mun fara í London 26.–29. september 1996.

Sigurvegarar voru eftirtaldir:

### Meistaraflokkur kvenna

1. sæti Ágústa Þorsteinsdóttir KFR – **Íslandsmeistari kvenna 1996**
2. sæti Elín Óskarsdóttir KFR
3. sæti Sólveig Guðmundsdóttir KFR

### Meistaraflokkur karla

1. sæti Gunnar H. Loftsson KFR – **Íslandsmeistari karla 1996**
2. sæti Jón Helgi Bragason KFR
3. sæti Björn G. Sigurðsson KR

### 1. flokkur kvenna

1. sæti Ingveldur Sævarsdóttir KFR – **Íslandsmeistari í 1. flokk kvenna**
2. sæti Hildur Hólmfríður Pálsdóttir KFR
3. sæti Auður Hjördís Sigurðardóttir Keflavík

### 1. flokkur karla

1. sæti Sölvi Magnússon KGB – **Íslandsmeistari í 1. flokk karla**
2. sæti Árni Henry Gunnarsson ÍR
3. sæti Ólafur Ólafsson KFR

Í hverjum flokki var keppt til úrslita 3 – 2 – 1 og 2 –1, úrslitaleikurinn er tvöfaldur.
Í 6 manna úrslitum eru veitt bónusstig, 20 fyrir sigur, 10 fyrir jafntefli, 5 fyrir leik yfir 200 og 10 fyrir leik yfir 250.

Fyrir úrslitakeppnina höfðu keppendur leikið í forkeppni og milliriðli, 1. flokkur kvenna lék 25 leiki, 1. flokkur karla lék 30 leiki og meistaraflokkur 46 leiki.

Fyrir úrslit 3ja efstu var staðan þannig í meistaraflokki karla eftir 46 leiki:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Jón Helgi Bragason | 9199 stig, | meðaltal 197.37 + 120 bónusstig |
| 2. Björn G. Sigurðsson | 9005 stig, | meðaltal 192.61 + 145 bónusstig |
| 3. Gunnar H. Loftsson | 8936 stig, | meðaltal 191.87 + 110 bónusstig |

Úrslitaleikir í meistaraflokki karla voru eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| Gunnar | 185 |
| Björn | 168 |
| Gunnar | 176 + 195 = 371 |
| Jón | 156 + 213 = 369 |

Fyrir úrslit 3ja efstu var staðan þannig í meistaraflokki kvenna eftir 46 leiki:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Elín Óskarsdóttir | 8719 stig, | meðaltal 185,52 + 185 bónusstig |
| 2. Ágústa Þorsteinsdóttir | 8290 stig, | meðaltal 176,85 + 155 bónusstig |
| 3. Sólveig Guðmundsdóttir | 7931 stig, | meðaltal 169,80 + 120 bónusstig |

Úrslitaleikir í meistaraflokki kvenna voru eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| Sólveig | 151 |
| Ágústa | 163 |
| Ágústa | 222 + 206 = 428 |
| Elín | 190 + 172 = 362 |

*Verðlaunadreifing á milli félaga varð eftirfarandi:*

| Keilufélag | Gull | Silfur | Brons | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| KFR – Keilufélag Reykjavíkur | 3 | 3 | 2 | 8 |
| KGB – Keilufélag Garðabæjar | 1 | - | - | 1 |
| KR – Keiludeild KR | - | - | 1 | 1 |
| ÍR – Keiludeild ÍR | - | 1 | - | 1 |
| Keflavík – Keiludeild Keflavíkur | - | - | 1 | 1 |
| Fylkir – Keiludeild Fylkis | - | - | - | - |
| KFS – Keilufélag Suðurnesja | - | - | - | - |
| HK – Keiludeild HK | - | - | - | - |
| Samtals | 4 | 4 | 4 | 12 |

## ÍSLANDSMÓT UNGLINGA

*Verðlaunadreifing á milli félaga í Íslandsmóti unglinga varð eftirfarandi:*

| Keilufélag | Gull | Silfur | Brons | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| KFR | 4 | 2 | 3 | 9 |
| KFS | 2 | 3 | 1 | 6 |
| KR | 2 | - | - | 2 |
| ÍR | - | 1 | - | 1 |
| KEF | 2 | 1 | 2 | 5 |
| KGB | - | 1 | - | 1 |
| Samtals | 10 | 8 | 6 | 24 |

Íslandsmóti unglinga lauk í Keiluhöllinni í Öskjuhlíð sunnudaginn 11. febrúar 1996.
Mjög góð þátttaka var í mótinu en alls kepptu 63 unglingar í fimm flokkum pilta og stúlkna, skipting á milli keilufélaga var eftirfarandi:

| Þátttakendur | Drengir | Stúlkur | Hlutfallsdreifing % |
|---|---|---|---|
| ÍR | 7 | - | 11,1 |
| KFR | 17 | 6 | 36,5 |
| KFS | 7 | 2 | 14,3 |
| KGB | - | 1 | 1,6 |
| KR | 7 | 1 | 12,7 |
| Keflavík | 7 | 4 | 17,5 |
| – óskráðir | 4 | - | 6,3 |
| Samtals | 49 | 14 | 63 |
| | 78 % | 22 % | 100 |

## ÍSLANDSMEISTARAR UNGLINGA Í KEILU 1996 ERU:

**Í 1. flokki, 17 – 18 ára**

| | |
|---|---|
| Sigríður Rut Hilmarsdóttir | KR |
| Már Grétar Arnarson | KFS |

**Í 2. flokki, 15 – 16 ára**

| | |
|---|---|
| Alda Harðardóttir | KFR |
| Gunnar E. Annelsson | KFS |

**Í 3. flokki, 13 – 14 ára**

| | |
|---|---|
| Dagný Edda Þórisdóttir | KFR |
| Orri Freyr Jóhannsson | KR |

**Í 4. flokki, 11 – 12 ára**

| | |
|---|---|
| Sigurborg Haraldsdóttir | KEF |
| Andri Þór Halldórsson | KFR |

**Í 5. flokki, 10 ára og yngri**

| | |
|---|---|
| Ásgerður Borg Bjarnadóttir | KEF |
| Árni Þór Finnsson | KFR |

## UNGLINGAMEISTARAR Í OPNUM FLOKKI:

Nú var í fyrsta skipti keppt í opnum flokki pilta og stúlkna og gaf Sparisjóður vélstjóra veglega farandbikara fyrir þennan flokk. Sigurvegarar urðu:

| | |
|---|---|
| Vilhelmína Arnardóttir | KFS |
| Sigurður Borgar Bjarnason | KEF |

## ERLEND SAMSKIPTI

Þing FIQ, WTBA og WTBA-EZ voru öll haldin í Reno í tengslum við heimsmeistaramótð sem haldið var í byrjun júlímánaðar. Haraldur Sigursteinsson sótti þingin. Á þingunum var m.a. farið yfir reglugerðarbreytingar, mótshald á næstu árum ásamt almennum aðalfundarstörfum. Forsetakjör setti þó mikinn svip á þessi þing en kjörinn var Jerry Koenig frá USA sem forseti FIQ. Forseti WTBA var kjörinn Akagi Kyohei frá Japan. Mikil barátta var um næsta heimsmeistaramót en það mun verða í Sameinuðu Arabíu furstadæmunum 1999.

## SAMRÁÐSFUNDUR KEILUSAMBANDA NORÐURLANDANNA

Árlegur samráðsfundur keilusambanda Norðurlandanna var haldin í Kaupmannahöfn 10. og 11. febrúar. Þar var fjallað um starfsemi keilusambandanna og hvað væri helst á döfinni. Fjallað var um tölvumál sambandanna og markaðssetningu keilunnar. Helstu niðurstöður fundarins urðu:

- Norðurlandamót unglinga sem átti að vera í Reykjavík verður haldið í Osló 7.–9 mars 1997.
- Gerð er ráð fyrir að framhald verði á Oslóarleikunum fyrir 18–23 ára.
- Undirbúningsfundur fyrir unglingastarfið verður í Gautaborg í apríl.
- Sumarbúðir unglinga verða í síðustu viku júlí.
- Norðurlandamót fullorðinna verður í Svíþjóð í febrúar 1997.
- Næsti stjórnarfundur verður í Reykjavík 22.–24. febrúar 1997.

## NORRÆNAR UNGLINGABÚÐIR

Á hverju ári gefst 10 unglingum frá hverju Norðurlandanna kostur á að fá þjálfun og keppa við unglinga frá hinum Norðurlöndunum, auk þess að taka þátt í fjölbreyttum félagsstörfum. Frá 22. til 29. júlí dvöldu 10 íslenskir unglingar í sumarbúðum á Gotlandi. Þau voru:

Alda Harðardóttir
Birgitta Bjarnadóttir
Birta Sigurjónsdóttir
Heiðrún Ragnarsdóttir
Jóna Þórisdóttir
Andri Ólafsson
Birgir Kristinsson
Gunnar Berg Gunnarsson
Hjörvar Ingi Haraldsson
Janus Sigurjónsson

Fararstjórar voru Guðmundur Kristófersson og Guðný Helga Hauksdóttir.

Slíkar sumarbúðir verða haldnar í Noregi í sumar. Þessar sumarbúðir þykja hafa tekist mjög vel og verið góð uppbygging bæði fyrir unglingana og þjálfara sem hafa farið með í ferðina. Nú um þessa helgi stendur yfir fundur í Gautaborg þar sem fulltrúar frá öllum Norðurlöndunum fara yfir hvernig skuli staðið að þessum unglingabúðum í náinni framtíð og eftir hvaða reglum skuli farið.

## NORRÆNT MÓT 18– 23 ÁRA UNGLINGA Í OSLÓ

Norðmenn buðu til „Norðurlandamóts" 18 –23 ára unglinga í lok september. Mót þetta sem styrkt er af norsku Olympíuhreyfingunni er hugsað með öðru sniði en venjuleg mót og er ætlunin að meira sé lagt upp úr þjálfun og kennslu en keppni.

Í íslenska hópnum voru:

Gunnar Þór Gunnarsson
Kristján Hafliðason
Sigurður Þorsteinsson
Magnús Magnússon
Hörður Einarsson
Guðrún Soffía Guðmundsdóttir

Landsliðsnefnd lagði mikinn metnað í undirbúninginn og voru mjög reglubundnar og miklar æfingar allt sumarið. Áhersla var lögð á þrek og liðleika leikmanna, keiluæfingar og síðast en ekki síst að auka skilning leikmanna á íþróttinni. Ferðin tókst í alla staði vel og voru bæði leikmenn og fararstjórar mjög ánægðir með dvöl sína.

## LANDSLIÐIN – ÞÁTTTAKA Í MÓTUM ERLENDIS

*Heimsmeistaramótið í Renó*

Landslið karla tók þátt í heimsmeistaramótinu í Reno. Vegna kostnaðar og óvissu um fjármögnun hafði verið ákveðið að senda ekki lið til Reno. Mikill áhugi var engu að síður fyrir hendi af hálfu þeirra leikmanna sem skipa karlalandsliðið og varð úr að karlaliðið færi til keppni enda stæðu þeir sjálfir að fjármögnun ferðarinnar.
Keppt var í nýrri keiluhöll í Reno og var öll umgjörð mótsins ein sú glæsilegasta sem sést hefur. En glæsileikinn kom ekki í veg fyrir bilanir sem ullu töluverðum töfum og sérstaklega var vandræðalegt hversu illa gekk að koma út niðurstöðum mótsins. Á þessu móti voru tekin lyfjapróf af leikmönnum og fór nokkur skjálfti um marga keilara þegar þeir fóru að rifja upp verkjalyfin sem þeir höfðu tekið. Það er full ástæða fyrir okkur að þekkja þessar reglur svo ekki þurfi að koma til vandræða.

## EVRÓPUBIKARMÓT EINSTAKLINGA

Evrópubikarmót einstaklinga sem er keppni landsmeistara Evrópuþjóða fór fram í Hollandi í september. Fyrir Íslands hönd kepptu þau Ágústa Þorsteinsdóttir og Ásgeir Þór Þórðarson en þau voru Íslandsmeistarar einstaklinga 1995.

## EVRÓPUBIKARMÓT LIÐA

Til stóð að Evrópubikarmót liða yrði haldið í Ísrael og átti það að hefjast 30. maí, daginn eftir kosningar. Eftir töluverðan óróa vegna ástandsins í Ísrael hefur nú verið ákveðið að mótið verði haldið í Finnlandi 27. maí – 2. júní.

## ÚTGÁFU- OG FRÆÐSLUMÁL

Mikil vinna var að venju við að koma út mótabók KLÍ en það verk var í höndum Erlu Ívarsdóttur og Unnar Vilhjámsdóttur. Af öðrum útgáfumálum er það að frétta að Gunnar Gunnarsson hefur þýtt bók Freds Borden, „Keila, þekking er lykillinn". KLÍ hefur fengið heimild Fred Borden til þess að gefa út allt hans efni og er vonast til að bókin verði gefin út á næstunni.

## DÓMARAMÁL

Laga- og leikreglnanefnd hélt fimm dómaranámskeið síðastliðið haust. Þessi námskeið eru aðeins byrjunin á því að bæta okkur í dómgæslumálum og hvernig við umgöngumst þær reglur sem okkur er ætlað að fara eftir, en lengi má bæta svo gott þyki.